

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

vegna Sparisjóðs Vestmannaeyja ses.

AÐDRAGANDI:

Á grundvelli VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur stofnunin tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þar á meðal að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 3. mgr. ákvæðis VI til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki.

Með bréfi Sparisjóðs Vestmannaeyja ses., dags. 19. mars 2015, óskaði sjóðurinn eftir fresti til að skila stofnuninni endurskoðuðum ársreikningi fyrir 2014 og upplýsti Fjármálaeftirlitið um fyrirsjáanlega mikla verðýrnun á útlánasafni sparisjóðsins sem gæti leitt til þess að eigið fé hans yrði uppuríð. Með bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 22. mars 2015, var sparisjóðnum veittur frestur til 26. mars 2015 til að skila stofnuninni endurskoðuðum ársreikningi fyrir 2014 og til 27. mars 2015 til að skila inn ítarlegri greinargerð þar sem fram kæmi til hvaða ráðstafana stjórn sparisjóðsins hygðist grípa til að koma eiginfjárgrunni sjóðsins í lögbundið horf á grundvelli 3. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Ársreikningnum var skilað til Fjármálaeftirlitsins þann 26. mars 2015 en þar kom fram að eiginfjárgrunnur sjóðsins skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki væri neikvæður um 87 m.kr. og eiginfjárhlutfall hans neikvætt um 1,1%. Því væri ljóst að sjóðurinn þyrfti á verulegu eiginfjárframlagi að halda til að fullnægja 14,7% eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins. Fram kom í yfirlýsingu stjórnar sparisjóðsins og sparisjóðsstjóra og áritun endurskoðenda án álits að enn væri óvissa um endanlegt virði eignasafns sparisjóðsins og verulegur vafi um rekstrarhæfi hans.

Síðustu daga hafa innstæðueigendur í auknum mæli tekið út í reiðufé eða fært innlán sín í sparisjóðnum til annarra innlánsstofnana. Þannig hefur hreint útlæði innstæðna sjóðsins rýrt laust fé sjóðsins um helming á tímabilinu. Hefur sjóðnum ekki tekist að tryggja aðgang að nægu lausu fé til að mæta áframhaldandi útlæði í sama mæli.

Greinargerð stjórnar sparisjóðsins barst Fjármálaeftirlitinu með bréfi, dags. 27. mars 2015. Í greinargerðinni komu fram þær leiðir sem stjórnin hygðist grípa til, til að koma eiginfjárgrunni sjóðsins í lögbundið horf. Í framhaldinu var sparisjóðnum veittur skammur frestur til að hrinda aðgerðum í samræmi við greinargerð stjórnar sjóðsins í framkvæmd.

Í sameiginlegu bréfi stjórnar sparisjóðsins og Landsbankans hf., sem barst Fjármálaeftirlitinu að kvöldi þann 28. mars 2015, fór stjórn sparisjóðsins þess á leit við stofnunina að hún beitti



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

heimildum sínum samkvæmt VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki og féllist á að sameina Sparisjóð Vestmannaeyja ses. við Landsbankann hf. í samræmi við samkomulag stjórnar sparisjóðsins og bankans, dags. 28. mars 2015. Í bréfinu segir að sparisjóðurinn muni lenda í lausafjávanda komi samruninn ekki til framkvæmda fyrir opnun afgreiðslu á mánudagsmorgun 30. mars nk. Einnig er því lýst að aðrar aðgerðir til að bæta úr lausafjárstöðu sjóðsins hefðu ekki borið árangur.

Áður nefndu bréfi fylgdi samkomulag Landsbankans hf. og Sparisjóðs Vestmannaeyja ses. um sameiningu. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir því að samruni sparisjóðsins og Landsbankans hf. taki gildi þegar Fjármálaeftirlitið hefur tekið ákvörðun um beitingu áðurgreindra heimilda. Landsbankinn hf. verður yfirtökufélag og tekur því við öllum réttindum og skyldum sparisjóðsins. Við samrunann er gert ráð fyrir því að eigendur stofnfjár í Sparisjóði Vestmannaeyja ses. fái sem endurgjald fyrir stofnfjárhluti sína hluti í Landsbankanum hf. samkvæmt nánari viðmiðum sem rakin eru í samkomulaginu. Þá er gert ráð fyrir því að fram fari sérstök athugun á virði eigna og skuldbindinga sjóðsins sem ráði endanlegri ákvörðun um endurgjald.

FORSENDUR:

Með vísan til alls framangreinds telur Fjármálaeftirlitið ljóst að staða sparisjóðsins sé orðin þannig að ákvæði VI til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki eigi við um sjóðinn, enda liggur nú fyrir að þær aðgerðir sem sjóðurinn hugðist grípa til myndu ekki bera árangur. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að eiginfjár- og lausafjávandi sparisjóðsins sé slíkur að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptamönnum og kröfuhöfum. Forsendur fyrir afturköllun starfsleyfis eru fyrir hendi og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins ekki líkleg til að bera árangur. Allt framangreint felur í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. ákvæðis VI til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur gripið til ýmissa úrræða þegar svona stendur á meðal annars að kveða á um samruna við annað fjármálafyrirtæki. Gilda þá ekki ákvæði samkeppnislaga, hlutafélagalaga og laga um fjármálafyrirtæki um samrunann, meðal annars hvað varðar birtingu samrunaáætlunar. Í því skyni að framkvæma samrunann getur Fjármálaeftirlitið beitt valdi stofnfjáreigendafundar.

Í sameiginlegu bréfi stjórnar sparisjóðsins og Landsbankans hf., dags. 28. mars 2015, er þess óskað að Fjármálaeftirlitið beiti heimildum sínum samkvæmt ákvæði VI til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki til þess að áður nefnd sameining geti farið fram án tafar og náð þeim tilgangi að forða rekstrarstöðvun sparisjóðsins. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að með sameiningunni verði því markmiði náð. Landsbankinn hf. er vel í stakk búinn til að taka við skuldbindingum Sparisjóðs Vestmannaeyja ses. og verður lausafjárstaða sameinaðs félags vel fullnægjandi. Þá hefur samruninn óveruleg áhrif á eiginfjárhlutfall Landsbankans hf. frá því sem nú er.

Að því er varðar endurgjald til stofnfjáreigenda er ljóst að eigið fé sparisjóðsins er nánast uppuríð og rekstrarhæfi ekki lengur til staðar. Þó gera skilmálar samkomulags um sameiningu ráð fyrir að stofnfjáreigendur fái í sinn hlut endurgjald sem ákvarðast endanlega af mati þriðja aðila sem stjórn sparisjóðsins og Landsbankinn hf. hafa komið sér saman um. Að áliti Fjármálaeftirlitsins er ekki ástæða til að gera athugasemd við þá niðurstöðu samningsaðila. Þá liggur fyrir að ekkert endurgjald kemur í hlut sjálfseignarstofnunar, sbr. 3. mgr. 72. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þar sem ekki er til staðar jákvætt óráðstafað eigið fé í Sparisjóði Vestmannaeyja ses.

ÁKVÖRÐUN

Á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki er það ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Vestmannaeyja ses. og taka eftirfarandi ákvarðanir um aðgerðir sem stofnunin telur nauðsynlegar:

1. Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, tekur í einu lagi frá og með sunnudeginum 29. mars 2015, kl. 15:00 við rekstri, eignum og skuldbindingum Sparisjóðs Vestmannaeyja ses., kt. 610269-5839, samkvæmt samkomulagi milli stjórnar sparisjóðsins og Landsbankans hf., um yfirtöku Landsbankans hf. á Sparisjóði Vestmannaeyja ses., dags. 28. mars 2015. Um er að ræða samruna án skuldaskila þannig að Sparisjóður Vestmannaeyja ses. er algerlega sameinaður Landsbankanum hf. með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku). Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna samrunans.
2. Uppsetning sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings skal miða við 29. mars 2015, sem telst vera uppgjörsdagur samrunans samkvæmt áðurgreindu samkomulagi.
3. Sparisjóði Vestmannaeyja ses. telst slitið frá og með sunnudeginum 29. mars 2015, kl. 15:00. Ekki er skylt að gefa út innköllun til lánardrottna vegna þeirra slita.
4. Engin vanefndaúrræði viðsemjenda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur stofnunin gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta, eða fresta einstökum þáttum hennar.

Ákvörðun þessi er tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

29. mars 2015



Ásta Þórarinsdóttir
Stjórnarformaður



Unnur Gunnarsdóttir
Forstjóri